

Til aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.**Árneshreppur***(sent rafrænt á netfang: arneshreppur@arneshreppur.is)***Bolungarvíkurkaupstaður***(sent rafrænt á netfang: bolungarvik@bolungarvik.is)***Ísafjarðarbær***(Sent rafrænt á netfangið: postur@isafjordur.is)***Kaldrananeshreppur***(Sent rafrænt á netfangið: drangsnes@drangsnes.is)***Reykhólahreppur***(Sent rafrænt á netfangið: sveitarstjori@reykholar.is)***Strandabyggð***(Sent rafrænt á netfang: strandabyggd@strandabyggd.is)***Súðavíkurhreppur***(Sent rafrænt á netfang: sudavik@sudavik.is)***Tálknafjarðarhreppur***(Sent rafrænt á netfang: talknafjordur@talknafjordur.is)***Vesturbyggð***(Sent rafrænt á netfang: vesturbyggd@vesturbyggd.is)*

Ísafjörður 9.október. 2017

Erindi: Tillaga Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðs fólks á Vestfjörðum

Á stjórnarfundum þann 3. október sl. samþykkti stjórn að boða til aukafundar aðildarsveitarfélaga BsVest með vísan til 10. gr 1. mgr. samþykta BsVest.

Stjórn BsVest samþykkti að aukafundur yrði haldin þann 17. nóvember nk. á Reykhólum kl:11:00 (boðað verður til fundarins með sérstöku erindi síðar).

Stjórn BsVest samþykkti að í aðdraganda aukafundar yrði opnað á fyrirspurnir til Ísafjarðarbæjar er varðar erindi þeirra um að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðs fólks. Efnt verður til málþings þann 3. nóvember nk. á Patreksfirði kl:13:00, þar sem fjallað verður um kosti og galla þessa fyrirkomulags að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag. Stjórn BsVest hefur lagt til að þar verði fengnir fulltrúar frá ýmsum aðilum til að varpa ljósi á hugmyndir Ísafjarðarbæjar, s.s. frá Velferðarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélag sem er í samstarfi við leiðandi sveitarfélag og réttindagæslumenn fatlaðra.

Einnig verða kynnar þær helstu breytingar sem lagðar eru til í nýju frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir (<http://www.althingi.is/altext/147/s/0069.html>), þar sem meðal annars er fellt út ákvæði um lágmarksfjölda íbúa þjónustusvæðis.

Með þessu erindi er hér með beint til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga BsVest að taka til umfjöllunar tillögu Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag. Fyrirspurnir vegna

málsins skulu sendar inn til BsVest (verkefnastjori@bsvest.is), og BsVest mun koma þeim áfram til Ísafjarðarbæjar og miðla svörum Ísafjarðarbæjar til sveitarfélaga eftir því sem þau berast. Lokafrestur til að senda inn fyrirspurnir er til og með 23. október nk. og skilafrestur á svörum er til og með 30. október nk.

Til upplýsingar um núverandi starfsemi Byggðasamlagsins má vísa til ársskýrslu BsVest 2016 (http://vestfiridir.is/malefni_fatlads_folks/arss/) þar sem einnig er að finna samþykktir og fundargerðir stjórnar og ársfunda BsVest. Ef óskað er nánari upplýsinga er velkomið að senda inn fyrirspurnir til verkefnastjóra BsVest (verkefnastjori@bsvest.is).

Fyrir hönd stjórnar BsVest

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri BsVest.